

50  
6. maí

## REGLUGJÖRÐ

fyrir

### Austur-Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum.

#### 1. gr.

Sýslunefndin sjer um framkvæmdir á hundahreinsun í sýslunni, og skal oddviti í samráði við hjeraðslæknir ráða 1 eða fleiri menn til starfans. Maður sá, eða menn, skulu hafa notið tilsagnar læknis áður en hann, eða þeir, takast starfann á hendur, og hlýða hans leiðbeiningum.

#### 2. gr.

Allir hundar skulu hreinsaðir og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. des., ár hvert. Skytt er öllum hundaeigendum að flytja hunda sýna á lækningastaðinn, og hjálpa til við hreinsunina.

#### 3. gr.

Hundahreinsunarhús, eitt eða fleiri eftir ákvæðum hreppsnefndar, skal reist í hverjum hreppi sýslunnar, og skulu þau vera steinsteyp. Greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði.

#### 4. gr.

Hjeraðslæknir annast útvegum meðalanna, og greiðast þau úr sýslusjóði. Einnig skal úr sýslusjóði borga lækningamanni kr. 0.50 fyrir hvern hund er hreinsaður hefir verið. Baðlyfin útvegar hreppsnefnd gegn greiðslu úr sýslusjóði.

#### 5. gr.

Sláturhússtjórar og aðrir er við slátrun eru riðnir, skulu gæta allrar varúðar í meðferð á sullum, og öðrum innanmeinum, og að öðru leyti hegða sjer eftir reglum er hjeraðslæknir fyrirskipar.

#### 6. gr.

Lækningamaður skal hafa löggilta bók af sýslumanni, er borgast af sýslusjóði. Í hana skal rita skrá yfir hundaeigendur í hverjum hreppi, og einnig tölu allra hunda hjá hverjum hundaeiganda, og enn fremur tölu þeirra hunda, er til lækinga eru teknir. Fyrir lok hvers árs skal lækningamaður senda hjeraðslækni skýrslu samkvæmt bókinni.

#### 7. gr.

Nú sjást bandormar í hreinsuðum hundi, og er þá eiganda skytt

að tilkynna hjeraðslækni það tafarlaust, og koma með hundinn til hreinsunar á Blönduós.

50  
6. maí

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að kr. 200,00, og renni hálf sektin í sýslusjóð en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

9. gr.

Mál er rísa út af reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. ág. 1927.

11. gr.

Með reglugjörð þessari er reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum, frá 1902, úr gildi feld, að því er snertir Austur-Húnavatnssýslu.

Samþykkt á fundi sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 28. febr. —6. mars. 1927.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 6. maí 1927.

*B. Brynjólfsson.*

**SAMÞYKT**

um

**lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað.**

51  
22. júní

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfjelaga, sem varning selja samkvæmt verslunarleyfi, skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykta þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, þó með undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis,